

## REGLUR

### um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um nánari framkvæmd laga nr. 15/2018 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (hér eftir EMIR), hvað varðar:

- a. Stöðustofnunar skyldu skv. 4. mgr. 4. gr. EMIR.
- b. Tilhögun stöðustofnunar skyldu skv. 2. og 4. mgr. 5. gr. EMIR.
- c. Opinbera skrá skv. 4. mgr. 6. gr. EMIR.
- d. Aðgang að viðskiptavettvangi skv. 5. mgr. 8. gr. EMIR.
- e. Skyldu um skýrslugjöf skv. 5. og 6. mgr. 9. gr. EMIR.
- f. Ófjárhagslega mótaðila skv. 4. mgr. 10. gr. EMIR.
- g. Aðferðir til að draga úr áhættu OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila skv. 14 og 15. mgr. 11. gr. EMIR.
- h. Eiginfjárkröfur skv. 3. mgr. 16. gr. EMIR.
- i. Fagráð skv. 6. mgr. 18. gr. EMIR.
- j. Upplýsingar sem miðlægur mótaðili í þriðja landi skal tilgreina í umsókn um viðurkenningu skv. 8. mgr. 25. gr. EMIR.
- k. Skipulagskröfur skv. 9. mgr. 26. gr. EMIR.
- l. Skrárhald skv. 4. og 5. mgr. 29. gr. EMIR.
- m. Samfellu í viðskiptum skv. 3. mgr. 34. gr. EMIR.
- n. Kröfur um tryggingar skv. 5. mgr. 41. gr. EMIR.
- o. Kröfur um tryggingar skv. 5. mgr. 41. gr. og 3. mgr. 46. gr. EMIR.
- p. Vanskilasjóð skv. 5. mgr. 42. gr. EMIR.
- q. Eftirlit með lausafjárahættu skv. 2. mgr. 44. gr. EMIR.
- r. Forgangsröðun við greiðslu vanskila skv. 5. mgr. 45. gr. EMIR.
- s. Fjárfestingarstefnu skv. 8. mgr. 47. gr. EMIR.
- t. Endurskoðun líkana, álagsprófun og afturvirka prófun skv. 4. mgr. 49. gr. EMIR.
- u. Útreikning á áætluðu fjármagni skv. 4. mgr. 50. gr. a EMIR.

- v. Skýrslugjöf með upplýsingum skv. 3. mgr. 50. gr. c EMIR.
- w. Umsókn um skráningu skv. 3. og 4. mgr. 56. gr. EMIR.
- x. Verklag við afstemmingar á gögnum milli afleiðuviðskiptaskráa og verklag afleiðuviðskiptaskráa við mat á því hvort kröfur um skýrslugjöf séu uppfylltar og til að sannreyna heilleika og réttleika tilkynnta gagna skv. 10. mgr. 78. gr. EMIR.
- y. Um gagnsæi og tiltækileika gagna skv. 5. mgr. 81. gr. EMIR.

2. gr.

*Tilvísanir og skilgreiningar.*

*Eftirlitsyfirvald skv. tilskipun 2004/25/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til eftirlitsyfirvalds skv. tilskipun 2004/25/EB er átt við Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 108/2007 um yfirtökur.

*Eiginfjárkröfur skv. tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til eiginfjárfarna skv. tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB er átt við eiginfjárkröfur skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

*Endurskoðun í skilningi tilskipunar 2006/43/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til endurskoðunar í skilningi tilskipunar 2006/43/EB er átt við endurskoðun skv. lögum nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

*Endurtryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2005/68/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til endurtryggingafélaga með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2005/68/EB er átt við váttryggingafélög með starfsleyfi í endurtryggingum skv. lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

*Fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til fjárfestingarfyrirtækja með starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB er átt við verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Fjölbjóðlegur þróunarbanki:* Með tilvísunum í reglum þessum til fjölbjóðlegs þróunarbanka er átt við fjölbjóðlegan þróunarbanka skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

*Framkvæmd viðskipta:* Með tilvísunum í reglum þessum til framkvæmdar viðskipta eins og um getur í 3. mgr. 25. gr. tilskipunar 2004/39/ESB er átt við framkvæmd fyrirmæla skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Grundvallaraðferð og þróaðar mæliaðferðir:* Með tilvísunum í reglum þessum til grundvallaraðferðar (e. Basic Indicator Approach) og þróaðra mæliaðferða (e. Advanced Measurement Approaches) eins og kveðið er á um í tilskipun 2006/48/EB er átt við matsaðferðir skv. 1. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

*Kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skv. tilskipun 2013/36/ESB:* Með tilvísunum í reglum þessum til kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu skv. tilskipun 2013/36/ESB er átt við kerfislega mikilvægar stofnanir skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

*Lánastofnun með starfsleyfi skv. tilskipun 2006/48/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til lánastofnana með starfsleyfi skv. tilskipun 2006/48/EB er átt við lánastofnanir með starfsleyfi skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

*Líftryggingafélag með starfsleyfi skv. tilskipun 2002/83/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til líftryggingafélaga með starfsleyfi skv. tilskipun 2002/83/EB er átt við líftryggingafélög með starfsleyfi skv. lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

*Rekstraraðili með starfsleyfi skv. tilskipun 2011/61/ESB:* Með tilvísunum í reglum þessum til rekstraraðila með starfsleyfi skv. tilskipun 2011/61/ESB er átt við rekstrarfélög með starfsleyfi skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

*Rekstrarfélag með starfsleyfi skv. tilskipun 2009/65/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til rekstrarfélaga með starfsleyfi skv. tilskipun 2009/65/EB er átt við rekstrarfélög með starfsleyfi skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

*Reikningsskil skv. tilskipun 2006/43/EB:* Með tilvísunum til reikningsskila skv. tilskipun 2006/43/EB er átt við reikningsskil skv. lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

*Sérhæfður sjóður skv. tilskipun 2011/61/ESB:* Með tilvísunum í reglum þessum til sérhæfðra sjóða skv. tilskipun 2011/61/ESB er átt við sérhæfða sjóði skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

*Skuldabréf skv. tilskipun 2009/65/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til skuldabréfa skv. tilskipun 2009/65/EB er átt við skuldabréf skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

*Snemmbær íhlutun, endurreisn og skilameðferð skv. tilskipun 2014/59/ESB:* Með tilvísunum í reglum þessum til snemmbærrar íhlutunar, endurreisnar og skilameðferðar skv. tilskipun 2014/59/ESB er átt við tímanleg inngríp skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og endurreisn og skilameðferð skv. lögum nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

*Stofnun um starfstengdan lífeyri:* Með tilvísunum í reglum þessum til stofnana um starfstengdan lífeyri í tilskipun 2003/41/EB eða tilskipun 2016/2341 er átt við starfstengda eftirlaunasjóði skv. lögum nr. 78/2007 um starfstengda lífeyrissjóði.

*Tilboðsgjafi skv. tilskipun 2004/25/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til tilboðsgjafa skv. tilskipun 2004/25/EB er átt við tilboðsgjafa skv. lögum nr. 108/2007 um yfirtökur.

*Varanlegur miðill skv. tilskipun 2009/65/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til varanlegs miðils skv. tilskipun 2009/65/EB er átt við varanlegan miðil skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

*Váttryggingafélag með starfsleyfi skv. tilskipun 73/239/EBE:* Með tilvísunum í reglum þessum til váttryggingafélaga með starfsleyfi skv. tilskipun 73/239/EBE er átt við váttryggingafélög með starfsleyfi skv. lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

*Varfærnisreglur skv. tilskipun 2006/48/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til varfærnisreglna sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/48/EB er átt við varfærnisreglur skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

*Verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi skv. tilskipun 2004/39/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til verðbréfafyrirtækja með starfsleyfi skv. tilskipun 2004/39/EB er átt við verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Verðbréfasjóður skv. tilskipun 2009/65/EB:* Með tilvísunum í reglum þessum til verðbréfasjóða skv. tilskipun 2009/65/EB er átt við verðbréfasjóði skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

## 3. gr.

*Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB), með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 112/2018](#) frá 31. maí 2018, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33 frá 25. apríl 2019, bls. 1-7, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB nr. 149/2013](#)) frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrikomulag, stöðustofnunarskyldu, opinbera skrá, aðgang að viðskiptavettvangi, ófjárhagslega mótaðila og aðferðir til að draga úr áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 11-24.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB nr. 150/2013](#)) frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingar er varða umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 25-32.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB nr. 151/2013](#)) frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru gögn sem afleiðuviðskiptaskrár eiga að birta og gera aðgengileg og rekstrarstaðla til að safna, bera saman og hafa aðgang að gögnum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 33-36.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB nr. 152/2013](#)) frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um eiginfjákröfur fyrir miðlæga mótaðila. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 37-40.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB nr. 153/2013](#)) frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur fyrir miðlæga mótaðila. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 41-74.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB nr. 876/2013](#)) frá 28. maí 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um fagråd fyrir miðlæga mótaðila. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 75-78.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB nr. 285/2014](#)) frá 13. febrúar 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif samninga innan Sambandsins og til að koma í veg fyrir að reglur og skuldbindingar séu sniðgengnar. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 87-89.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB nr. 1248/2012](#)) frá 19. desember 2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið umsókna um skráningu á afleiðuviðskiptaskrá samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og

afleiðuviðskiptaskrár. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 105-106.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB nr. 1249/2012](#) frá 19. desember 2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu á skráum sem miðlægir mótaðilar skulu viðhalda samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 107-114.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB nr. 484/2014](#) frá 12. maí 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar áætlað fjármagn miðlægs mótaðila samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 115-122.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 113/2018](#) frá 31. maí 2018 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33 frá 25. apríl 2019, bls. 8-14, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2015/2205](#) frá 6. ágúst 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunar skylduna. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 125-133.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2016/592](#) frá 1. mars 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunar skylduna. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 134-140.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2016/1178](#) frá 10. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunar skylduna. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 141-148.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2017/104](#) frá 19. október 2016 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 148/2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksupplýsingar gagna sem tilkynna á um til afleiðuviðskiptaskráa. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 149-164.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2017/751](#) frá 16. mars 2017 um breytingu á framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 að því er varðar frest til hlítningar stöðustofnunar skyldu vegna tiltekinnna mótaðila sem versla með OTC-afleiður. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 165-167.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2017/105](#) frá 19. október 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu og tíðni skýrslna um viðskipti til afleiðuviðskiptaskráa samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 168-192.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sbr. bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins ([ESB\) 2017/1800](#) frá 29. júní 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 151/2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 256/2018](#) frá 5. desember 2018 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 99 frá 12. desember 2019, bls. 10-11. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 37 frá 9. maí 2019, bls. 1-4.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2019/396](#) frá 19. desember 2018 um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205, framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/592 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1178 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar daginn þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir tiltekna gerðir samninga, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 36/2019](#) frá 29. mars 2019, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5 frá 12. janúar 2023, bls. 44. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 38 frá 16. maí 2019, bls. 22-25.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2019/397](#) frá 19. desember 2018 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar til hvaða dags mótaðilar geta beitt áhættustýringarferli sínu fyrir tiltekna OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 37/2019](#) frá 29. mars 2019, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 18. júlí 2019, bls. 10, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 38 frá 16. maí 2019, bls. 26-28.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2019/564](#) frá 28. mars 2019 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar til hvaða dags mótaðilar geta beitt áhættustýringarferli sínu fyrir tiltekna OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 104/2019](#) frá 11. apríl 2019, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 18. júlí 2019, bls. 26, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 38 frá 16. maí 2019, bls. 163-165.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins ([ESB\) 2019/565](#) frá 28. mars 2019 um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205, framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/592 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1178 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar daginn þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir tiltekna gerðir samninga skal gilda hér á landi, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 103/2019](#) frá 11. apríl 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 18. júlí 2019, bls. 25, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 38 frá 16. maí 2019, bls. 160-162.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2022/1859](#) frá 10. júní 2022 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1248/2012 að því er varðar snið umsókna um skráningu sem viðskiptaskrá og umsókna um framlengingu skráningar sem viðskiptaskrá, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 59/2023](#) frá 17. mars 2023 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 77 frá 26. október 2023, bls. 54, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 58 frá 1. ágúst 2024, bls. 96-98.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 83/2019](#) frá 29. mars 2019, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77-84, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2016/822](#) frá 21. apríl 2016 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 153/2013 að því er varðar tímaramma innlausnartímabils sem taka skal til athugunar fyrir mismunandi flokka fjármálagerninga. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 103-105.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2016/2251](#) frá 4. október 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna áhættuvarna fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 7 frá 28. janúar 2021, bls. 730-767.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2017/323](#) frá 20. janúar 2017 um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna áhættuvarna fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 109-111.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 64/2020](#) frá 30. apríl 2020, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19 frá 9. mars 2023, bls. 33, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2019/667](#) frá 19. desember 2018 um breytingu á framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 um að fresta gildistöku stöðustofnunar skyldu fyrir ákveðna OTC-afleiðusamninga, sem birt var í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 252-254.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2017/2155](#) frá 22. september 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 149/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrrikomulag, sem birt var í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 80 frá 16. desember 2021, bls. 1-7.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 117/2021](#) frá 19. mars 2021, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5 frá 18. janúar 2024, bls. 51-

53, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2021/236](#) frá 21. desember 2020 um breytingu á tæknilegum stöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251 að því er varðar tímasetninguna þegar tiltekna verklagsreglur um áhættustýringu taka gildi að því er varðar skipti á tryggingum, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 34 frá 25. maí 2022, bls. 13-17.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2021/237](#) frá 21. desember 2020 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 að því er varðar daginn þegar stöðustofnarskyldan tekur gildi fyrir tiltekna gerðir samninga. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 34 frá 25. maí 2022, bls. 18-21.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB), með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 331/2022](#) frá 9. desember 2022, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 48 frá 29. júní 2023, bls. 68, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2022/2310](#) frá 18. október 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 149/2013 að því er varðar gildi viðmiðunarfjárhæðar stöðustofnunar fyrir stöður sem haldið er í OTC-hrávöruafleiðusamningum og öðrum OTC-afleiðusamningum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 37 frá 11. maí 2023, bls. 395-396.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2022/2311](#) frá 21. október 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 153/2013 að því er varðar tímabundnar neyðarráðstafanir um kröfur um tryggingar. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 20 frá 9. mars 2023, bls. 242-244.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB), með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 60/2023](#) sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 77 frá 26. október 2023, bls. 55-56, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2022/750](#) frá 8. febrúar 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2015/2205 að því er varðar umbreytingu yfir í nýjar viðmiðanir sem vísað er til í ákveðnum OTC-afleiðusamningum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 58 frá 1. ágúst 2024, bls. 99-103.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2023/314](#) frá 25. október 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251 að því er varðar daginn þegar tiltekna verklagsreglur um áhættustýringu koma til framkvæmda að því er varðar skipti á tryggingum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 58 frá 1. ágúst 2024, bls. 104-105.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2023/315](#) frá 25. október 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 að því er varðar daginn þegar stöðustofnarskyldan tekur gildi fyrir tiltekna

gerðir samninga. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 58 frá 1. ágúst 2024, bls. 106-108.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB), með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 129/2024](#) frá 12. júní 2024, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72 frá 3. október 2024, bls. 24-25, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2022/1855](#) frá 10. júní 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar lágmarksupplýsingar gagna sem tilkynna á um til viðskiptaskráa og tegund tilkynninga sem ber að nota. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 65 frá 29. ágúst 2024, bls. 310-342.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2022/1856](#) frá 10. júní 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 151/2013 sem tilgreina nánar verklagsreglur um aðgang að upplýsingum um afleiður ásamt tæknilegu og rekstrarlegu fyrirkomulagi aðgangs að þeim. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 65 frá 29. ágúst 2024, bls. 343-349.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2022/1857](#) frá 10. júní 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 150/2013 að því er varðar upplýsingarnar sem skulu vera í umsóknum um skráningu sem viðskiptaskrá og í umsóknum um framlengingu skráningar sem viðskiptaskrá. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 65 frá 29. ágúst 2024, bls. 350-354.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2022/1858](#) frá 10. júní 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina verklagsreglur við afstemmingu gagna milli viðskiptaskráa og verklagsreglur sem viðskiptaskrá á að beita til að ganga úr skugga um að skýrslugjafandi mótaðili eða aðili sem leggur fram gögn hlíti kröfunum um skýrslugjöf og til að sannreyna heilleika og réttleika tilkynntra gagna. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 65 frá 29. ágúst 2024, bls. 355-373.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2022/1860](#) frá 10. júní 2022 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar staðla, snið, tíðni og aðferðir og fyrirkomulag skýrslugjafar. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 65 frá 29. ágúst 2024, bls. 374-420.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB), með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 387/2021 sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 14. mars 2024, bls. 26, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2019/361](#) frá 13. desember 2018 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 151/2013 að því er varðar aðgang að gögnum í vörslu viðskiptaskráa. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 37 frá 11. maí 2023, bls. 29-33.

Skilja ber tilvísanir til aðila að seðlabankakerfi Evrópu þannig að þær taki til seðlabanka EFTA-ríkjanna, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2019/362](#) frá 13. desember 2018 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 150/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingar er varða umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 76 frá 17. nóvember 2022, bls. 1-11.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi eftirtalin framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2024/363](#) frá 11. október 2023 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2015/2205 að því er varðar umbreytingu yfir í viðmiðanirnar millibankadagvexti í Tókýó (TONA) og viðmiðunarvexti fyrir tryggða fjármögnun (SOFR) sem vísað er til í ákveðnum OTC-afleiðusamningum, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 102/2024](#) sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60 frá 8. ágúst 2024, bls. 31, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 65 frá 29. ágúst 2024, bls. 84-87.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi eftirtalin framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2024/818](#) frá 28. nóvember 2023 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 153/2013 að því er varðar framlengingu tímabundinna neyðarráðstafana um kröfur miðlægra mótaðila um tryggingar, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 130/2024](#) sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72 frá 3. október 2024, bls. 26, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 10 frá 20. febrúar 2025, bls. 155-157.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB), með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 146/2024](#) frá 25 janúar 2025, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72 frá 3. október 2024, bls. 50, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2020/447](#) frá 16. desember 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilgreiningu á viðmiðum um að koma á fyrirkomulagi til að draga á fullnægjandi hátt úr greiðslufallsáhættu sem tengist sértryggðum skuldabréfum og verðbréfun og um breytingu á framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205 og (ESB) 2016/1178. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 65 frá 29. ágúst 2024, bls. 496-498.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2020/448](#) frá 17. desember 2019 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251 að því er varðar tilgreiningu meðhöndlunar á OTC-afleiðum í tengslum við tiltekna einfaldar, gagnsæjar og staðlaðar verðbréfanir til áhættuvarna. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 65 frá 29. ágúst 2024, bls. 499-501.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 15/2018 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, öðlast þegar gildi. Á sama tíma falla úr gildi reglur nr. 260/2025 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár.

*Seðlabanka Íslands, 27. maí 2026.*

**Björk Sigurgísladóttir**  
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits.

**Linda Kolbrún Björgvinsdóttir**  
framkvæmdastjóri.

---

B deild - Útgáfudagur: 11. júní 2026